

FRÉTTABRÉF CSFÍ

Heimasíðan.

Fulltrúi félagsins í
fjölmiðlanefnd BIG.

NAFKAM

Aðalfundur CSFI.
Nýjir bæklingar.

Dagur Græðara 2010

Upplýsingar um netföng.
Félagsgjöld.

Minum á félagsgjöldin!!!!

Athugið að einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld hafa atkvæðisrétt á aðalfundi CSFI, það er jafnframt eina leiðin til þess að halda sér áfram inni á listum á heimasíðu félagsins.

Heimasíðan.

Við viljum vera viss um að allar upplýsingar á heimasíðunni okkar séu réttar. Kíkið þar inn og farið yfir ykkar skráningar. Ef þið hafið einhverjar athugasemdir þá vinsamlegast sendið póst á csfi@craniosacral.is

Ert þú viss um að þú viljir ekki vera í fjölmiðlanefnd BIG ?

Ennþá vantar fulltrúa frá okkur í þessa nefnd. Hlutverk nefndarinnar er að láta útbúa auglýsingar og annað kynningarefni fyrir Bandalag Íslenskra Græðara.

Ritari Bandalagsþingsins:

Einnig vantar áhugasaman aðila til þess að vera ritari á ársþingi BIG. Þetta er frábært tækifæri til þess að fá að fylgjast með starfi Bandalagsins.

[NAFKAM](#), Nasionalt forskningscenter innen komplementær og alternativ medisin, rannsóknarsetur um heildrænar meðferðir við háskólann í Tromsø í Noregi. Stór ráðstefna verður þar núna í maímánuði sem gæti verið áhugavegð fyrir meðferðaraðila. Endilega skoðið www.ICCMR2010.com eða www.NAFKAM.no fyrir nánari upplýsingar. NSK nefndin sem hélt fund sinn hér á landi á síðasta ári í tengslum við ráðstefnu BIG þann 3.okt. ætla að halda sinn næsta fund í Tromsø á sama tíma.

Aðalfundur CSFI verður haldinn að Hamrahlíð 17
mánudaginn 19. apríl klukkan 20:00.

Dagskrá fundar: Venjuleg aðalfundarstörf.

Einnig verða kynntir nýjir bæklingar!

FRÉTTABRÉF CSFI

Í tilefni 10 ára afmælis Bandalags Íslenskra græðara verður efnt til þriggja daga hátíðarhalda dagana 3. – 5. september 2010.

Megin markmið afmælishátíðarinnar er að kynna störf græðara í samfélaginu og auka þátt þeirra innan heilbrigðiskerfisins.

Hverju aðildarfélagi BIG er boðið að vera með einn 20 mín. fyrirlestur um sitt fag á laugardag eða sunnudag. Fyrirlestrarnir verða opnir almenningi.

Vinsamlegast sendið Ernu á netfangið: erna@kopur.is ef aðildarfélögin ætla að vera með fyrirlestur fyrir 20. apríl. Einnig þarf heiti fyrirlesturs ásamt nokkrum línnum um innihald fyrirlestursins að hafa borist fyrir föstudaginn 30. apríl á sama netfang.

Dagskráin hefur verið ákveðin:

- Föstudagur 3. sept.: BIG félögum boðið á örnámskeið/workshop frá kl. 13.00 – 18.30. Námskeiðin verða kynnt síðar.
- Laugardagur 4. sept.: Fyrirlestrar frá kl. 09.00 – 17.00. Kynningarborð verða á sama tíma í öðrum sal.
- Laugardagskvöld 4. sept.: Árshátíð BIG. kl. 19.30 – 02.00.-Veisluhlaðborð og ball.
- Sunnudagur 5. september: Fyrirlestrar frá kl. 10.00 – 15.00. Kynningarborð verða á sama tíma í öðrum sal.

Auk fyrirlestra aðildarfélaganna verða aðrir fyrirlestrar sem kynntir verða síðar.

Vinsamlega áframsendið á ykkar félagsmenn og biðjið þá að láta vita ef þeir hafa áhuga á að vera með kynningarborð eða pláss á borði fyrir bæklinga.

Ath. það eru aðeins aðildarfélögin sem fá frítt bæklingaborð til afnota.

Vinsamlega sendið upplýsingarnar á Sölu og kynningarborðanefndina á netfang Anne May: annemay@simnet.is fyrir 20. apríl. Einungis heilsutengdar vörur eða fyrirtæki geta verið kynnt.

Ráðstefnusalurinn hefur ekki enn verið fundinn. Verð fyrir kynningarborð og aðrar upplýsingar verða sendar til ykkar um leið og ráðstefnusalurinn hefur verið fundinn.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar BIG:

Erna Líndal Kjartansdóttir, SSOVI

Sendið okkur netfangið ykkar á csfi@craniosacral.is ef ykkur berst ekki tölvupóstur frá okkur.